# HVAÐ ER Á SEYÐI

### Félag eldri borgara Kópavogi

Spiluð verður félagsvist að Fannborg 8 (Gjábakka) í kvöld, föstudag, kl. 20.30. Húsið öllum opið.

### Hana-nú í Kópavogi

Vikuleg laugardagsganga Hana-nú í Kópavogi verður á morgun, Þorláksmessu. Lagt af stað frá Gjábakka, Fannborg 8, kl. 10. Nýlagað molakaffi.

### Happdrætti Bókatíðinda

Vinningsnúmer föstudagsins 22. desember: 39355.

### Almanakshappdrætti Þroskahjálpar 1995

Janúar 17796, 2044, 12460.

Febrúar 2663, 1719, 10499, 1933.

Mars 494, 13958, 11345, 9972, 7296.

Apríl 13599, 11441, 3069, 1447, 935.

Maí 9701, 6805, 9468, 6481, 16584.

Júní 8961, 7983, 4007, 12942.

Júlí 15020, 11564, 6766.

Ágúst 2036, 7247, 7798, 17255.

September 2170, 5184, 7590, 15211.

Október 11905, 10722, 5131, 5524, 2707.

Nóvember 17596, 6896, 10494, 4092.

Desember 10725, 3117, 7766.

### Sýningu Ásgerðar lýkur í dag

Í dag er seinasta tækifæri að sjá sýningu Ásgerðar Búadóttur veflistakonu, í Ingólfsstræti 8. Sýningunni lýkur í dag, föstudag.

Í fréttatilkynningu segir m.a.: „Sýningin hefur hvarvetna verið lofuð. ... Hljóðlátur efniviðurinn sem [Ásgerður] hefur haldið tryggð við um áratuga skeið, fyllir rýmið af æðaslætti og hjartslætti þagnarinnar."

Opið er í Ingólfsstræti 8 kl. 14-18.

Nýtt hús Starfsþjálfunar fatlaðra:

### Hringsjá tekið í notkun

Þann 3. nóvember síðastliðinn var formlega tekið í notkun nýtt hús fyrir Starfsþjálfun fatlaðra og Tölvumiðstöð fatlaðra. Framkvæmdasjóður fatlaðra byggði húsið, verktaki var Árni Jóhannesson.

Hús þetta er að Hátúni 10d og hefur hlotið nafnið *Hringsjá*.

Félagsmálaráðherra opnaði húsið við hátíðlega athöfn þar sem fjöldi góðra gesta var saman kominn.

Við þetta tækifæri voru Starfsþjálfun fatlaðra færðar veglegar gjafir. Steinn Guðmundsson fyrir hönd Oddfellowstúkunnar Skúla fógeta færði Starfsþjálfuninni tvær tölvur af fullkominni gerð. Kennsla í notkun tölva er eitt aðalviðfangsefni Starfsþjálfunarinnar og þessi góða gjöf stúkubræðra mætti brýnni þörf. Velunnari Starfsþjálfunarinnar, Kristján Ingvarsson, gaf bókhaldsforritið Vaskhuga. Bókaútgáfa Máls og Menningar gaf 50 bókatitla í bókasafn Hringsjár, kærkomna gjöf í nýtt safn.

Öryrkjabandalag Íslands veitti fyrr á árinu eina og hálfa milljón króna til að standa straum af kaupum á húsbúnaði í hið nýja húsnæði. Við opnunina færði Tómas Helgason, fyrir hönd Hússjóðs Öryrkjabandalags Íslands, Starfsþjálfun fatlaðra 400 þús. kr. til frekari búnaðar.

### Hraungerðisprestakall í Flóa

*Jóladagur:* Hátíðarguðsþjónusta í Villingaholtskirkju kl. 13.30. Hátíðarguðsþjónusta í Laugardælakirkju kl. 15.

*Annar jóladagur:* Hátíðarguðsþjónusta í Hraungerðiskirkju kl. 13.30. Prestur við allar messur er Kristinn Ág. Friðfinnsson.

### Breiðabólsstaðarprestakall um jólin

Hátíðarguðsþjónustur í Breiðabólsstaðarprestakalli í Húnavatnsprófastsdæmi um jól og áramót verða sem hér segir:

*Aðfangadagur jóla:* Hvammstangakirkja, aftansöngur kl. 18.

*Jólanótt:* Hvammstangakirkja, hátíðarguðsþjónusta kl. 23.30.

*Annar dagur jóla:* Sjúkrahús Hvammstanga, hátíðarguðsþjónusta kl. 11. Vesturhópshólakirkja, hátíðarguðsþjónusta kl. 14. Tjarnarkirkja, hátíðarguðsþjónusta kl. 16.30.

*Gamlársdagur:* Hvammstangakirkja, aftansöngur kl. 18.

*Nýársdagur:* Breiðabólsstaðarkirkja, hátíðarguðsþjónusta kl. 16.

Prestur við allar messurnar verður sr. Kristján Björnsson.



*Hvammstangakirkja og nágrenni.*




BÍLALEIGA AKUREYRAR

MEÐ ÚTIBÚ ALLT Í KRINGUM LANDIÐ

MUNIÐ ÓDÝRU HELGARPAKKANA OKKAR

REYKJAVÍK 568-6915

AKUREYRI 461-3000

PÖNTUM BÍLA ERLENDIS

interRent

Europcar


## LEIKHÚS ● LEIKHÚS ● LEIKHÚS ●

**LEIKFÉLAG REYKJAVÍKUR**

**SÍMI 568-8000**

**Stóra svið kl. 20.00**
**Íslenska mafían eftir**
Einar Kárason og Kjartan Ragnarsson
Frumsýning fimmtud. 28/12, uppselt
2. sýning laugard. 30/12, fáein sæti laus, grá kort gilda.
3. sýning fimmtud. 4/1, rauð kort gilda.
**Lína Langsokkur** laugard. 30/12 kl. 14, fáein sæti laus, sunnud. 7/1 kl. 14.00, laugard. 13/1 kl. 14.00, sunnud. 14/1 kl. 14.00
**Litla svið kl. 20**
**Hvað dreymdi þig, Valentína?**
föstud. 29/12, fáein sæti laus, laugard. 30/12, laugard. 6/1, föstud. 12/1, laugard. 13/1
**Stóra svið kl. 20**
**Við borgum ekki, við borgum ekki** eftir Dario Fo föstud. 29/12, föstud. 5/1, föstud. 12/1
Þú kaupir einn miða, færð tvo.

**Samstarfsverkefni við Leikfélag Reykjavíkur:**
Barflugur sýna á Leynibarnum kl. 20.30:
**Bar par** eftir Jim Cartwright
föstud. 29/12, uppselt, föstud. 5/1, sunnud. 7/1, föstud. 12/1.
**Hádegisleikhús**
Laugardaginn 23/12 frá 11.30-13.30.
Unglingahljómsveitin Kósý leikur jólalög.
Ókeypis aðgangur.

**GJAFAKORTIN OKKAR — FALLEG JÓLAGJÖF. GLEÐILEG JÓL!**
**Í skóinn til jólagjafa fyrir börnin**
**Línu-ópal, Línu bolir, Línu púsluspil.**
Miðasalan er opin alla daga frá kl. 13-20
Á aðfangadag er opið frá 10-12. Lokað verður á jóladag og annan í jólum. Einnig lokað á gamlársdag og nýársdag.
Auk þess er tekið á móti miðapöntunum í síma 568-8000 alla virka daga kl. 10-12.
Greiðslukortaþjónusta.

**ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ**

**Sími 551 1200**

**Stóra sviðið kl. 20.00**
**Jólafrumsýning**
**Don Juan**
eftir **Molière**
Frumsýning 26/12 kl. 20:00. Uppselt
2. sýn. miðvikud. 27/12. Nokkur sæti laus
3. sýn. laugard. 30/12. Nokkur sæti laus
4. sýn. fimmtud. 4/1
5. sýn. miðvikud. 10/1

**Glerbrot**
eftir **Arthur Miller**
8. sýn. föstud 5/1 - 9. sýn. fimmtud 11/1

**Stóra sviðið kl. 20.00**
**Þrek og tár**
eftir **Ólaf Hauk Símonarson**
Föstud. 29/12. Uppselt
Laugard. 6/1. Laus sæti
Föstud. 12/1

**Kardemommubærinn**
eftir **Thorbjörn Egner**
Fimmtud. 28/12 kl. 17.00. Uppselt
Laugard. 30/12 kl. 14.00. Uppselt
Laugard. 6/1 kl. 14.00. Örfá sæti laus.
Sunnud. 7/1 kl. 14.00. Nokkur sæti laus.
Sunnud. 7/1 kl. 17.00.
Sunnud. 14/1 kl. 14.00.
Sunnud. 14/1 kl. 17.00.

Óseldar pantanir seldar daglega

Gjafakort í leikhús — sígild og skemmtileg gjöf

Miðasalan verður opin frá kl. 13:00- 20:00 fram á Þorláksmessu. Lokað verður á aðfangadag. Annan dag jóla verður opið frá kl. 13:00-20:00. Tekið á móti símapöntunum frá kl. 10:00 virka daga.

**Sími miðasölu 551 1200**
**Sími skrifstofu 551 1204**
**Greiðslukortaþjónusta.**

# Dagskrá útvarps og sjónvarps

## Föstudagur
### 22. desember

6.45 Veðurfregnir
6.50 Bæn: Séra Gísli Jónasson flytur.
7.00 Fréttir
7.30 Fréttayfirlit
8.00 Fréttir
8.10 Hér og nú
8.30 Fréttayfirlit
8.31 Pistill
8.35 Morgunþáttur Rásar 1 heldur áfram.
9.00 Fréttir
9.03 „Ég man þá tíð"
9.50 Morgunleikfimi
10.00 Fréttir
10.03 Veðurfregnir
10.15 Sagnaslóð
11.00 Fréttir
11.03 Samfélagið í nærmynd
12.00 Fréttayfirlit á hádegi
12.01 Að utan
12.20 Hádegisfréttir
12.45 Veðurfregnir
12.50 Auðlindin
12.57 Dánarfregnir og auglýsingar
13.10 Hvað verður á dagskrá Rásar 1 yfir hátíðirnar?
13.25 Hádegistónleikar
14.00 Fréttir
14.03 Útvarpssagan, ævisaga Árna prófasts Þórarinssonar, „Hjá vondu fólki"
14.30 Ó, vínviður hreini: Þættir úr sögu Hjálpræðishersins á Íslandi
15.00 Fréttir
15.03 Léttskvetta
15.53 Dagbók
16.00 Fréttir
16.05 Fimm fjórðu
17.00 Fréttir
17.03 Bókaþel
17.30 Tónaflóð
18.00 Fréttir
18.03 Síðdegisþáttur Rásar 1
18.48 Dánarfregnir og auglýsingar
19.00 Kvöldfréttir
19.30 Auglýsingar og veðurfregnir
19.40 Bakvið Gullfoss
20.15 Hljóðritasafnið
20.45 „Gleðinnar strengi, gulli spunna hrærum..."
21.25 Kvöldtónar
22.00 Fréttir
22.10 Veðurfregnir
22.30 Pálína með prikið
23.00 Kvöldgestir
24.00 Fréttir
00.10 Fimm fjórðu
01.00 Næturútvarp á samtengdum rásum til morguns. Veðurspá

## Föstudagur
### 22. desember

17.00 Fréttir
17.05 Leiðarljós (298)
17. 50 Táknmálsfréttir
18.00 Jóladagatal Sjónvarpsins
18.05 Hundurinn Fannar og flekkótta kisa
18.30 Fjör á fjölbraut (9:39)
19.20 Jóladagatal Sjónvarpsins
19.30 Dagsljós
20.00 Fréttir
20.35 Veður
20.45 Dagsljós
21.15 Björk - Heima og heiman Þáttur um Björk Guðmundsdóttur söngkonu sem gerður var fyrir erlaendan markað. Dagskrárgerð: Egill Eðvarðsson
21.55 Gunga Din (Gunga Din) Bandarísk ævintýramynd frá 1939 um þrjá hermenn á Indlandi á 19. öld og baráttu þeirra við innfædd illmenni. Leikstjóri: George Stevens. Aðalhlutverk: Cary Grant, Victor McLaglen, Douglas Fairbanks, Jr. og Joan Fontaine. Þýðandi: Óskar Ingimarsson.
23.50 Flugumaðurinn (The Man Inside) Frönsk/bandarísk bíómynd frá 1990 byggð á sannri sögu þýska rannsóknarblaðamannsins Gunthers Wallraffs sem laumaði sér inn á ritstjórn slúðurblaðs í þeim tilgangi að gera lýðum ljós hin óheiðarlegu vinnubrögð sem þar tíðkuðust. Leikstjóri: Bobby Roth. Aðalhlutverk: Jurgen Prochnow, Peter Coyote og Nathalie Baye. Þýðandi: Gunnar Þorsteinsson.
01.25 Útvarpsfréttir í dagskrárlok

## Föstudagur
### 22. desember

15.50 Popp og kók (e)
16.45 Nágrannar
17.10 Glæstar vonir
17.30 Könguióarmaðurinn
17.50 Eruð þið myrkfælin?
18.15 NBA -tilþrif
18.45 Sjónvarpsmarkaðurinn
19.19 19:19
20.25 Hale og Pace - eins og þeir gerast bestir (Hale and Pace: Greatest Hits) Bresku gárungarnir Hale og Pace eru áskrifendum Stöðvar 2 að góðu kunnir. Nú fáum við að sjá bráðfyndinn þátt þar sem brugðið er upp úrvali grínatriða með þessum vinsælu skemmtikröftum.
21.25 Takturinn (The Beat) Áhrifamikil og mannleg mynd sem gerist í niðurníddu úthverfi stórborgar. Við kynnumst skólakrökkum sem ekki virðast eiga sér viðreisnar von. Allt breytist daginn sem Rex Voorhas Ormine hefur nám við skólann. Hann er óvenjulegur piltur sem með skáldlegu innsæi sínu hefur þau áhrif á krakkana að þau verða aldrei söm aftur. Aðalhlutverk: John Savage, David Jacobson, Billy McNamara og Kara Glover. Leikstjóri: Paul Monas. 1988.
23.15 Hjálparsveitin (Trouble Shooters:Trapped Beneth the Earth) Sjónvarpskvikmynd um feðga sem hafa sérhæft sig í því að bjarga fólki úr rústum eftir jarðskjálfta. Í upphafi myndarinnar ríkir mikið ósætti á milli feðganna og á það rót sína að rekja til dauða eiginkonu sonarins. Spurningin er sú hvort þeir geta lagt ósættið til hliðar og bjargað fólki úr rústum hruninnar byggingar í Salt Lake City. Undir rústunum liggur lítil stúlka grafin og þeir verða að finna hana áður en það er um seinan.Aðalhlutverk: Kris Kristofferson og David Newsom. 1993.
00.50 Allt á hvolfi (Splitting Heirs) Ærslafull gamanmynd í anda Monty Python gengisins um Tommy greyið, sem fæddist á blómatímanum, en forríkir foreldrar hans skildu hann eftir í villtu samkvæmi í Lundúnum. Fátækir Pakistanar tóku piltinn í fóstur en þegar hann kemst til vits og ára uppgötvar hann sér til mikillar skelfingar að hann er í raun 15. hertoginn af Bournemouth og að bandarískur frændi hans hefur erft allt sem honum ber. Aðalhlutverk: Rick Moranis, Eric Idle, Barbara Hershey og John Cleese. Leikstjóri: Robert Young. 1993. Lokasýning.
02.15 Lögga á háum hælum (V.I. Warshawski) Kathleen Turner leikur einkaspæjarann V.I. Warshawski sem er hinn mesti strigakjaftur og beitir kynþokka sínum óspart í baráttunni við óþjóðalýð í undirheimum Chicago. Hún kann fótum sínum forráð og þarf ekki að hugsa sig tvisvar um þegar fyrrverandi ísknattleiksmaður er myrtur og þrettán ára dóttir hans biður hana að hafa uppi á morðingjanum. Aðalhlutverk: Kathleen Turner, Jay O. Sanders og Charles Durning. Leikstjóri: Jeff Kanew. 1991. Lokasýning. Bönnuð börnum.
03.40 Dagskrárlok

## Föstudagur
### 22. desember

17:00 Taumlaus tónlist
19.30 Beavis og Butthead
20.00 Mannshvarf
21.00 Grínistinn
22.45 Svipir fortíðar
23.45 Mynd morðingjans
01.15 Dagskrárlok

## Föstudagur
### 22. desember

17.00 Læknamiðstöðin
18.00 Brimrót (4:23)
18.45 Úr heimi stjarnanna
19.30 Simpsonfjölskyldan
19.55 Svalur prins (5:24)
20.20 Lögreglustöðin (5:7)
20.50 Súkkat
21.45 Hraðbrautin hrynur
23.15 Hálendingurinn (5:22)
00.00 Vaknað til ógnar
01.15 Dagskrárlok Stöðvar 3